

## Framkvæmdaáætlun stjórnar 2021-2022

### Hlutverk LUF:

1. Að vera samstarfs- og samráðsvettvangur frjálsra ungmennafélaga sem starfar óháð pólitískum, trúarlegum og efnahagslegum þrýstingi.
2. Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum frjálsra ungmennafélaga og vera málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum.
3. Að efla ungmennastarf og umræðu um málefni ungs fólks á Íslandi.
4. Vera fulltrúi aðildarfélaganna í margvíslegu alþjóðasamstarfi.
5. Að framkvæma samkvæmt vilja aðildarfélaganna og veita þeim ekki samkeppni í starfi þeirra.

### Markmið LUF:

1. Að tala fyrir hagsmunum ungs fólks á Íslandi.
2. Að vernda og efla réttindi ungs fólks og bregðast við þegar þau eru virt að vettugi.
3. Að stuðla að valdeflingu ungs fólks í samfélaginu.
4. Að efla samstarf og miðlun upplýsinga meðal aðildarfélaga.
5. Að veita aðildarfélögum upplýsingar um málefni og félagsstörf ungs fólks á innlendum sem og erlendum vettvangi.
6. Að efla samskipti og samvinnu ungs fólks á Íslandi við ungt fólk um heim allan.
7. Að koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna þegar um sameiginleg hagsmunamál þeirra er að ræða,
8. Að vera málsvari aðildarfélaga gagnvart alþjóðlegum stofnunum og samtökum þegar þess er þörf.
9. Að stuðla að umræðu og þekkingarsköpun um málefni ungs fólks.

Þessi hlutverk og markmið ætla LUF að rækja með því að starfa sem öflugt hagsmunafélag ungs fólks á Íslandi. Stjórn hefur sett sér sértækari og mælanlegri markmið til að þjóna tilgangi sínum og vinna að ofangreindum markmiðum sambandsins.

Framkvæmdaáætlun 2021-2022 skiptist í fimm meginstoðir: 1) lögbundna ábyrgð, 2) réttindi ungs fólks, 3) þátttaka ungs fólks, 4) sterk ungmennafélög og 5) alþjóðamál. Undir stoðunum er jafnframt vísað til viðeigandi Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem markmið stjórnar falla undir og er það einn liður stjórnar í að innleiða Heimsmarkmiðin inn í alla starfsemi LUF. Sértæk markmið stoðanna miðast við lög, stefnu og skuldbindingar LUF gagnvart samstarfsaðilum.

## Efnisyfirlit

<b>1. Lögbundin ábyrgð</b>	<b>3</b>
1.) Halda stjórnarfundum hálfsmánaðarlega	3
2.) Halda fjóra leiðtogaráðsfundi á starfstímabilinu	3
3.) Halda Sambandsþing	3
<b>2. Réttindi ungs fólks</b>	<b>3</b>
4.) Fylgja eftir endurskoðun á Æskulýðslögum	4
5.) Krefjast heildstæðrar landsstefnu í málaflokknum	4
6.) Berjast fyrir félagafrelsi ungmenna	4
7.) Hefja undirbúning á skýrslu um stöðu ungs fólks	4
8.) Koma á fót réttindaskrifstofu LUF	5
<b>3. Þátttaka ungs fólks</b>	<b>5</b>
9.) Halda #ÉgKýs 2021	5
10.) Berjast fyrir lækkun kosningaaldurs	6
11.) Efla Leiðtogaskóla Íslands	6
12.) Halda stjórnsmálaskóla LUF	6
<b>4. Sterk ungmennafélög</b>	<b>7</b>
13.) Gefa út leiðbeiningar um góða stjórnarhætti	7
14.) Vinna þróunaráætlun	7
15.) Kynna stöðu ungmennageirans	7
16.) Halda „Félaga ársins“	8
<b>5. Alþjóðamál</b>	<b>8</b>
17.) Móta umgjörð Sendinefndar LUF hjá Sameinuðu þjóðunum	9
18.) Gefa út upplýsingayfirlit yfir alþjóðastarf LUF á vefnum	9

# 1. Lögbundin ábyrgð

Lögbundin ábyrgð stjórnar er grunnstoð félagsins og skal stjórn standa undir þeirri ábyrgð undantekningalaust. Stjórn er skylt að uppfylla neðangreind markmið í því skyni að skapa fullnægjandi vettvang fyrir aðildarfélögin til að taka virkan þátt í ákvarðanatöku og stefnumótun í þeim málum sem snerta starfsemi frjálsra félagasamtaka sem leidd eru af ungu fólki og í þágu ungs fólks.



## Skyldur stjórnar:

### ❑ 1.) Halda stjórnarfundum hálfsmánaðarlega

Stjórnarfundir skulu haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega. Þar tekur stjórn ákvarðanir um þau mál sem til umræðu eru hverju sinni, fylgir eftir yfirstandandi verkefnum, ræðir þær hugmyndir sem upp koma ásamt því að sinna verkefnum og daglegum störfum LUF í samræmi við framkvæmdaáætlun þessa.

### ❑ 2.) Halda fjóra leiðtogaráðsfundi á starfstímabilinu

Leiðtogaráð LUF fer með æðsta vald félagsins milli sambandsþinga og tekur allar meiriháttar ákvarðanir um starfsemi LUF. Vettvangurinn skal einnig nýttur til samráðs og upplýsingamiðlunar.

### ❑ 3.) Halda Sambandsþing

Árlegt Sambandsþing LUF verður haldið í lok febrúar ár hvert. Þar er lögð rík áhersla á umræðu- og tillögurétt aðildarfélaga, starfsemi þeirra og LUF er til umræðu. Þar eiga sæti þrír fulltrúar frá hverju aðildarfélagi LUF.

# 2. Réttindi ungs fólks

Í stefnu LUF kemur fram að kynslóðirnar sem nú vaxa úr grasi ná fullu sjálfstæði seinna en fyrri kynslóðir. Viðurkenna þarf að ungt fólk á það til að festast í ástandi á milli forræði og sjálfstæðis. Ungt fólk stendur frammi fyrir mismunun þegar kemur að aðgengi að borgaralegum-, efnahagslegum- og félagslegum réttindum. Horfast þarf í augu við að ungt fólk er jaðarsett vegna aldurs og er oft berskjaldaðasti hópur samfélagsins. Líta þarf til þess að ungmenni yfir 18 ára aldri njóta ekki sérstakrar lagalegrar verndar Barnasáttmálans og þarf því sérstaka athygli. Auk þess er samfélagshópurinn „ungt fólk“ fjölbreyttur og innan hans eru jaðar- og minnihlutahópar sem standa frammi fyrir margþættri mismunun.



## **Markmið stjórnar:**

### **❑ 4.) Fylgja eftir endurskoðun á Æskulýðslögum**

Æskulýðslög hafa ekki verið uppfærð né endurskoðuð frá setningu þeirra árið 2007 þrátt fyrir töluverðan þrýsting frá LUF um heildarendurskoðun þeirra. Með þeirri reynslu sem hefur fengist af lögnum er ljóst að þau þjóna ekki tilgangi sínum. Þó svo að LUF sé nefnt sem heildarsamtök ungs fólk í málaflokknum í greinargerð með lögnum, og enn fremur vakin athygli á alþjóðlegri stöðu félagsins sem „National Youth Council,“ má enn greina trega við að viðurkenna stöðu LUF hér á landi. LUF telur því nauðsynlegt að raunveruleg staða félagsins verði tryggð í lögnum þar sem fyrra fyrirkomulag hefur ekki dugað sem skyldi. Þá hefur aðgreining milli íþrótt- og æskulýðsmála í lögnum ekki dugað til, en hún hefur í raun verið hundsúð undanfarin ár. Þetta kemur í veg fyrir eðlilega framþróun málaflokksins í takt við alþjóðleg viðmið. Aðrar nauðsynlegar breytingar sem LUF telur nauðsynlegt að ráðast í er m.a. að gera hagsmunastarfi og réttindabaráttu ungs fólks hærra undir höfði. Í lögnum ætti m.a. að tryggja óskilyrta aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku og auðvelda ungu fólki að taka þátt í ungmennastarfi sem eflir og verndar eigin réttindi. LUF telur einnig mikilvægt að gerður sé greinarmunur á þörfum 6 ára barna og 25 ára ungmenna. Einnig er brýnt að endurskoða skipan Æskulýðsráðs en LUF telur að ungt fólk eigi að skipa meirihluta sæta í ráðinu.

### **❑ 5.) Krefjast heildstæðrar landsstefnu í málaflokknum**

LUF hefur lengi gagnrýnt stefnuleysi stjórnvalda og barist fyrir heildstæðri stefnu í málefnum ungs fólks (e. National Youth Policy), líkt og flest lönd hafa sett sér. Félagið mun halda áfram að þrýsta á að íslensk stjórnvöld setji sér slíka stefnu með virkri aðkomu LUF og aðildarfélaganna. LUF mun í samráði við stjórnvöld vinna heildstæða stefnu í málaflokknum.

### **❑ 6.) Berjast fyrir félagafrelsi ungmenna**

LUF mun halda áfram baráttu sinni gegn óréttmætri og ólöglegri geðþóttaákvörðun Ríkisskattstjóra (RSK) sem hamlar félagafrelsi og kemur í veg fyrir virka þátttöku ungmenna í starfi frjálsra félagasamtaka. En stofnunin hefur hafnað einstaklingum undir 18 ára aldri um stjórnarsetu í almennum félögum. Þetta telur stjórn LUF ganga gegn stjórnarskrárvörðum, réttindum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. LUF kærði ákvörðun RSK til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og olli niðurstaðan miklum vonbrigðum. Því hefur LUF kvartað Umboðsmanns Alþingis og leitað álits á réttmæti ákvörðunarinnar og málsmeðferðinni í heild. Umboðsmaður hefur tekið kvörtun LUF til skoðunar og hefur því séð tilefni til að rannsaka málið frekar. Málsmeðferð hjá stofnuninni er í gangi sem stendur.

### **❑ 7.) Hefja undirbúning á skýrslu um stöðu ungs fólks**

„Sjálfstæði ungs fólks“ (e. Youth Autonomy) var kosið þema ársins á sambandsþingi 2018 og þá stóð til að LUF myndi vinna stefnuályktun þess efnis. Í ljós kom þörfin fyrir upplýsingar um stöðu ungs fólks var ábótavant. Stjórn mun því vinna úttekt um stöðu ungs fólks, sem mun m.a. taka til

menntunar, atvinnu og heilbrigðismála. Stuðst verður við Heimsskýrslu Sameinuðu þjóðanna um ungt fólk og verða áhrif heimsfaraldursins Covid-19 skoðuð sérstaklega. Stjórn mun gera tilraunir til að fjármagna gerð skýrslunnar og hefja undirbúning vinnslunnar.

#### ❑ 8.) Koma á fót réttindaskrifstofu LUF

LUF mun koma á fót réttindaskrifstofu LUF sem er ætlað að standa vörð um mannréttindi barna og ungs fólks. Með þessu mun LUF veita ráðgjöf í réttinda- og hagsmunamálum og aðstoð veitt ungu fólki sem leitar til LUF sem telja að á rétti sínum sé brotið. LUF hefur lengi sinnt því hlutverki að aðstoða aðildarfélög og félagsmenn eftir fremsta megni þegar upp koma lagaleg álitafni sem varða réttarstöðu þeirra. Þá hefur LUF einnig veitt aðstoð við úrlausn félaga réttarlegra og annarra lögfræðilegra álitsefna sem upp koma við rekstur aðildarfélaga. LUF vill efla þessa þjónustu frekar þar sem hún hefur verið nokkuð tilviljanakennd til þessa og ekki gefist nægur tími til að auglýsa hana sérstaklega og sinna markvisst. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustu sem þessari, þ.e. almennri og aðgengilegri réttargæslu sniðin að stöðu og þörfum barna og ungs fólks. Meðal verkefna réttindaskrifstofunnar verður að kynna börn og ungt fólk fyrir réttindum sínum og skyldum ásamt því að veita ráðgjöf og aðstoða eftir fremsta megni í sértækum málum. Þar að auki mun réttindaskrifstofan hafa sérstöku hlutverki að gegna við að halda utan um rýni lagafrumvarpa og umsagnagerð með tilliti til réttinda barna og ungmenna.

### 3. Þátttaka ungs fólks

Önnur megináherslan í stefnu LUF er þátttaka ungs fólks. Undir það fellur m.a. Valdefling, fræðsla, lýðræðis- og stjórnmalapátttaka. Í stefnu segir að félagsleg útilokun, ójafnrétti og aldursfordómar hindri ungu fólki að njóta virkrar og raunverulegrar þátttöku. Ungt fólk er gagnrýnið á stjórnkerfið, tekur síður þátt í hefðbundnum stjórnámum og er ólíklegast til að kjósa. Ungt fólk kys fremur nútímalegri aðferðir til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Aðgengi ungs fólks að stefnumótun og ákvarðanatöku samfélagsins er nauðsynlegt ef lýðræði á að þrífast. Ungmennafélög spila lykilhlutverk í að stuðla að samfélagsþátttöku ungs fólks og lýðræðislegri borgaravitund.



#### **Markmið stjórnar:**

#### ❑ 9.) Halda #ÉgKýs 2021

Velgengni #ÉgKýs hefur gert það að verkum að nú er gert ráð fyrir því að verkefnið fari fram. Stjórn mun bregðast við því og verða við þeim væntingum almennings. Skuggakosningar verða framkvæmdar í fjórða sinn. Lýðræðisvika og skuggakosningar í framhaldsskólum munu fara fram fyrir næstu

þingkosningar. Markmiðið snýr eins og áður að því að auka kosningaþátttöku og lýðræðisvitund ungs fólks. Stjórn mun gera samstarfssamkomulag þess efnis við Samband Íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) sem kveður á um að stýrihópur sem heldur utan um verkefnið verði skipaður.

#### ❑ **10.) Berjast fyrir lækkun kosningaaldurs**

LUF mun áfram berjast fyrir lækkun kosningaaldurs og tala fyrir því að kosningaaldur verði lækkaður niður í 16 ár samhliða öðrum breytingum á stjórnarskrá. LUF mun halda áfram að beita sér af krafti til að tryggja að 16 og 17 ára ungmenni hljóti kosningarétt. Stjórn mun leggja áherslu á að veittar verði umsagnir um þau frumvörp sem leggja til lækkun kosningaaldurs þar sem farið verður ítarlega yfir áherslur félagsins. Rakin verða öll rök fyrir lækkun kosningaaldurs, gagnrök vegna andstöðu við breytingunni og vísað verður í fræðilegar rannsóknir og alþjóðlega mannréttindasamninga sem hvetja til lækkunar kosningaaldurs.

#### ❑ **11.) Efla Leiðtogaskóla Íslands**

Með rekstri Leiðtogaskóla Íslands hefur LUF skapað sér sess þegar kemur að óformlegu námi og er leiðandi í mannréttinda- og lýðræðisfræðslu sem og innleiðingu Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna í ungmennastarf - í gegnum sjálfboðastarf, námskeið, vinnustofur o.þ.h. LUF mun standa fyrir virku námskeiðahaldi auk fræðslu um málefni og starfsemi ungmennafélaga með rekstri Leiðtogaskóla Íslands (LSÍ). Í leiðtogaskólanum verður boðið upp á ýmis námskeið sem nýtast starfi aðildarfélaganna og meðlimum þeirra. Lagt er upp með að námskeiðin auki getu meðlima aðildarfélaga til að sinna hagsmunagæslu og efli leiðtogahæfni þeirra. Skólinn verður starfræktur í samræmi við reglugerð skólans sem samþykkt var á 4. leiðtogaráðsfundi 29. janúar 2019 og með áherslu á jafningjafræðslu mun LUF leitast við að þróa þjálfarateymi LUF áfram. Þar að auki mun LUF í samstarfi við systursamtök sín í Noregi, Færeyjum og Grænlandi deila góðum fordæmum leiðtogafræðslu óformlegs náms fyrir ungt fólk og gefa út verkfærakistu þess efnis. Þetta er gert í því skyni að efla Leiðtogaskólann og þjálfarateymið enn frekar sem og að deila þekkingu og reynslu LUF með nágrannaríkjunum.

#### ❑ **12.) Halda stjórnámálaskóla LUF**

Leiðtogaráð LUF hefur kallað eftir að LUF haldi utan um stjórnámálfræðslu til ungs fólks og ætlar stjórn sér að verða við þeirri beiðni. Stjórnámálaskóli LUF verður námsleið innan Leiðtogaskóla Íslands sem boðið verður upp á í fyrsta sinn árið 2021. Námsleiðin verður þverpólitískur vettvangur aðildarfélaga LUF til að efla lýðræðislega borgaravitund, valdefla ungt fólk til pólitískrar umræðu og virkrar stjórnámálaþátttöku. Með óformlegt nám að leiðarljósi er unnt að efla ungt fólk til upplýstrar ákvörðunartöku og lýðræðisþátttöku í alþingiskosningum 2021. Ráðgert er að Stjórnámálaskóli LUF fari fram í aðdraganda alþingiskosninga haustið 2021. Skólinn er tækifæri fyrir ungt fólk að kynnast öllum stjórnámálaflokkum og stefnumálum flokkanna sem miða að ungu fólki sérstaklega. En ekki síst verður íslenska stjórnkerfið tekið fyrir, leiðir til að taka þátt í stjórnámálum, samfélagsþátttaka og mikilvægi lýðræðis.

## 4. Sterk ungmennafélög

Þriðja megináherslan í stefnu LUF er að leggja áherslu á að vinna að sjálfstæði ungmennafélaga. Er þessi áhersla jafnframt ein megináhersla Evrópska ungmennavettvangsins (e. European Youth Forum). Þá er þar sérstaklega átt við mikilvægi þess að stjórnvöld styðji við hagsmuna- og félagsstörf ungs fólks, bæði félags- og fjárhagslega.



### Markmið stjórnar:

#### ❑ 13.) Gefa út leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Samkvæmt samþykktum félagsins ber stjórn setja sér verk- og vinnulagsreglur. Þar eru hlutverk stjórnarmanna skilgreind og ábyrgð þeirra tilgreind. Jafnframt er vinnulag stjórnar í samstarfi við skrifstofu útlistað. Reglurnar byggja á margra ára reynslu félagsins og eru þær uppfærðar á hverju ári. Stjórn hyggst gefa út leiðbeiningar með það að markmiði að auka gegnsæi og efla góða stjórnarhætti. Í þessu felst að skilgreina þá þætti sem felast í góðum stjórnarháttum og veita hagnýtar upplýsingar um ýmislegt í tengslum við stjórnun ungmennafélaga. Verður það gert í þeirri von um að setja gott fordæmi og að aðildarfélögin geti nýtt efnið sem leiðarvísi að bættum stjórnarháttum.

#### ❑ 14.) Vinna þróunaráætlun

Stjórn kemur til með að ráðast í þá vinnu að móta þróunaráætlun sem samþykkt var á 1. leiðtogaráðsfundi árið 2020. Þá mun leiðtogaráðið koma til með að skilgreina hvernig það vill sjá LUF og ungmennageirann í framtíðinni, þ.e. hvert félagið á að stefna innan geirans, með tilgreindri tímalínu og aðgerðum. Áætlunin mun formfesta skipulagsferli sem byggt er á stefnu LUF, framkvæmdaáætlun þessari, innri starfsáætlun skrifstofu, vinnureglum stjórnar, siðareglur félagsins, starfsreglur um nefndastarf, alþjóðamál og skuldbindingar gagnvart hinu opinbera. Stjórn telur að mikilvægt sé að vinna eftir þróunaráætlun nokkur ár fram í tímann, svo markvisst sé unnið að stefnu félagsins og hvernig félagsmenn vilja að LUF þróist. Áætlunin eykur gagnsæi og ábyrgð LUF gagnvart aðildarfélögunum, samstarfsaðilum, hinu opinbera og almenningi.

#### ❑ 15.) Kynna stöðu ungmennageirans

Stjórn LUF mun koma til með að beita sér fyrir auknum og sanngjörnum framlögum hins opinbera til ungmennafélaga. Þá mun stjórn krefjast þess að rekstrargrundvöllur LUF og aðildarfélaganna sé tryggur. LUF mun beita sér gegn hvers lags ójöfnuði við úthlutun styrkja úr samkeppnissjóðum sem hugsaðir eru fyrir ungmennafélög. Þá mun LUF beita sér fyrir því að félög sem ekki eru á fjárlögum hafi forgang að slíkum styrkjum enda hafa þau minna

bolmagn til að standa straum af sinni starfsemi. Þá mun LUF kynna niðurstöður skýrslu um stöðu ungmennageirans. En á sambandsþingi LUF 2017 kom fram tillaga frá þingfulltrúum þess efnis að stjórn vinni úttekt á fjárhagsstöðu aðildarfélaganna. Kom þessi tillaga til eftir að ljóst var að mörg félög stríða við mannauðs- og fjárhagsskort. Hefur sú úttekt loks litið dags síns ljós og eru niðurstöður hennar sláandi. Stjórn stefnir að því að skýrslan verði uppfærð reglulega, niðurstöðum hennar miðlað og gefin út áður en Alþingi samþykkir fjárlög ár hvert. Með þeim hætti getur LUF stuðst við staðreyndir við umsagnagerð og verður betur í stakk búið að tala fyrir hagsmunum aðildarfélaganna.

#### ❑ 16.) Halda „Félagi ársins“

Viðburðurinn „Félagi ársins“ er uppskeruhátíð ungmennafélaga á Íslandi. Um er að ræða hvatningarviðburð þar sem aðildarfélögin velja framúrskarandi félagsmann sem þau vilja umbuna fyrir vel unnin störf. Allir sem hljóta tilnefninguna fá viðurkenningu og hvatningarverðlaun. Einn af þeim verður valinn fyrir að standa upp úr og hlýtur titilinn „Félagi ársins“ og þar með farandbikar LUF fyrir framúrskarandi störf í þágu ungs fólks á Íslandi. Heiðurinn hlýtur sá einstaklingur sem hefur tekið óeigingjarna forystu og sýnt alúð í starfi innan ungmennageirans á Íslandi. Takmarkið er ekki síður að kynna málaflokkinn fyrir almenningi með því að varpa ljósi á vel unnin störf innan ungmennafélaga á Íslandi. Þrátt fyrir að viðurkenningin hafi einungis verið veitt þrisvar áður hefur mikil virðing fyrir titlinum skapast og áhuginn fyrir viðburðinum reynst umtalsverður. Í því ljósi ætlar stjórn að gera meira úr viðburðinum með því að halda hann á degi sjálfboðaliðans. Með því móti yrði viðburðurinn framlag LUF til þess að vekja athygli á því sem dagur sjálfboðaliðans stendur fyrir með því að halda hann hátíðlegan.

## 5. Alþjóðamál

LUF er aðili að Evrópska ungmennavettvangnum (YFJ) og hefur því skyldum að gegna gagnvart þeim heildarsamtökum. LUF er jafnframt aðili að Norðurlanda- og Estrasaltsríkjabandalaginu „Nordic Baltic Cooperation“ (NBC). LUF hefur alltaf lagt ríka áherslu á alþjóðlega samvinnu, sem hefur eflst að undanförmu og verður haldið áfram af krafti. Þá jukust alþjóðlegar skuldbindingar töluvert árið 2017 og á LUF enn fulltrúa í Ráðgjafaráði Evrópuráðsins í málefnum ungs fólks (e. Advisory Council on Youth to the Council of Europe). Enn hefur aukist í alþjóðlegum skuldbindingum félagsins en árið 2019 kom LUF á fót Sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum og hefur nú tryggt framgang verkefnisins með þjónustusamningi við utanríkisráðuneytið. Þar að auki hefur félagið tekið frekari þátt í málefnnastarfi Sameinuðu þjóðanna en félagið hélt m.a. alþjóðlega ráðstefnu um líffræðilegan fjölbreytileika með áherslu á hafið í byrjun árs 2020. Því samhliða hefur LUF tekið virkan þátt í mótun nýs samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika.





### Markmið stjórnar:

- 17.) Móta umgjörð Sendinefndar LUF hjá Sameinuðu þjóðunum**  
 Kjörnir Ungmennafulltrúar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum sem skipa nú Sendinefnd LUF hafa kallað eftir einskönar leiðarvísi fyrir starf þeirra, en fordæmi er fyrir slíkt í öðrum löndum. Sem þáttur í innleiðingu Heimsmarkmiðanna, framþróun alþjóðastarfs LUF og að formfesta Sendinefndina mun stjórn gefa út handbók um Sendinefnd LUF, leiðarvísi fyrir Ungmennafulltrúana og uppfæra starfsreglur Alþjóðanefndar LUF sem verður einskönar umgjörð þess. Unnið verður í samráði við helsta samstarfsaðila LUF í verkefninu, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Verkefnið verður unnið í náinni samvinnu við Alþjóðanefnd LUF, Sendinefndina sjálfa og Ungmennafulltrúanna frá systursamtökum LUF á Norðurlöndunum. Þá verður tekið saman þau góðu fordæmi sem aðrir geta unnið eftir. Tekið verður mið af skuldbindingum LUF gagnvart utanríkisráðuneytinu við vinnslu verkefnisins og málefnastarfs þess, einkum þegar horft er til hlutverks nefndarinnar innanlands; um að kynna Heimsmarkmiðin, sinna vitundarvakningu, fræðslu- og upplýsingastarfi um þróunarstarf.
- 18.) Gefa út upplýsingayfirlit yfir alþjóðastarf LUF á vefnum**  
 Í ljósi þess að alþjóðastarf LUF hefur vaxið umtalsvert á undanförunum árum, að skrifstofu berst magn af fyrirspurnum um upplýsingar og boð um þátttöku í ýmsu tengdu alþjóðlegu samstarfi mun stjórn gefa út upplýsingayfirlit yfir alþjóðastarf LUF á vefnum. Þar verður alþjóðastarf LUF aðgengilegt öllum, allar skuldbindingar LUF á alþjóðavettvangi skrásettar og allt það sem LUF er og hefur verið að fást við í tengslum við alþjóðamál. Hér er horft til þess að auka gagnsæi, svara þeim fjölmörgu spurningum sem berast í tengslum við alþjóðastarfið og gera alþjóðastarf LUF aðgengilegra; með því að miðla ýmsum tækifærum fyrir ungt fólk til þátttöku í alþjóðastarfi LUF.

Í samráði við leiðtoga ráð hefur stjórn og starfsfólk LUF heimild til að takast á við tilfallandi verkefni sem samræmast hlutverki, markmiðum og stefnu LUF.

*Framkvæmdaáætlun þessi er byggð á tillögu stjórnar 2020-2021 og var lögð fram til umræðu á sambandsþingi LUF 27. febrúar 2021 skv. 18. gr. samþykkt. Áætlun þessi hefur verið mótuð frekar af stjórn 2021-2022 og var samþykkt á fyrsta fundi leiðtoga ráðs þann 30. mars 2021 skv. 20. gr. samþykkt.*